
FORNLEIFASKRÁNING Í LANDI VORHÚSA Á SKEIÐUM



GYLFI HELGASON

FS1044-25181
REYKJAVÍK
2025

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



Forsíðumyndin er af Merkurhraunsvegi ÁR-661:015, sem er gömul þjóðleið sem lá á Skeiðum til kaupstaðarins á Eyrum og síðar til Reykjavíkur. Horft er til suðvesturs á myndinni.

Ljósmynd: Gylfi Helgason.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3448.

© 2025

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES

BRÆÐRABORGASTÍG 9

101 REYKJAVÍK

SÍMI: +354-5511033

NETFANG: FSI@FORNLEIF.IS

HEIMASÍÐA: WWW.FORNLEIF.IS

Samantekt

Í skýrslunni er fjallað um niðurstöður fornleifaskráningar innan 2,8 ha deiliskráningarreits sem heitir Vorhús, (L233199) áður í landi Andrésfjósar á Skeiðum. Innan reitsins eru hugmyndir um að reisa íbúðarhús með bílskúr, skemmu og eitt gestahús, auk lagningu aðkomuvegar og bílastæða. Fornleifastofnun hafði áður unnið aðalskráningu fornleifa í Skeiðahreppi og var ein fornleif (Merkurhraunsvegur) þá skráð innan reitsins. Engar fornleifar bættust við þessa úttekt. Merkurhraunsvegur er metinn í stórhættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

Efnisorð:

Fornleifastofnun Íslands, deiliskráning, Merkurhraunsvegur, Vorhús, Andrésfjós, Skeiðahreppur

Summary

This report presents the results of a detailed archaeological survey undertaken in June 2025 within a 2.8-ha assessment area at Vorhús (previously Andrésfjós) in Skeiðahreppur, South Iceland. The work was carried out for the landowner in an advance of a proposed building development.

Only one site, Merkurhraunsvegur (an old route) was identified during the survey. Merkurhraunsvegur was assessed to be high risk due to the proposed development.

Keywords:

Institute of Archaeology, (Iceland), detailed survey, Merkurhraunsvegur, Vorhús, Andrésfjós, Skeiðahreppur

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	6
2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf	9
3. Aðferðir við fornleifaskráningu	11
4. Fornleifaskrá	14
5. Niðurstöður	17
Heimildir	20


Viðaukar

Hnitaskrá ISN93

Minjakort

1 Inngangur

Í júní 2025 fór VGS verkfræðistofa þess á leit við Fornleifastofnun Íslands ses að stofnunin tæki að sér skráningu fornleifa innan um 2,8 ha deiliskráningarreits sem heitir Vorhús (L233199). Reiturinn tilheyrði áður lögbýlinu Andrésfjós sem var upphaflega ein af hjáleigum Ólafsvalla. Skráningin var gerð vegna fyrirhugaðra áforma um að breyta svæðinu í lögbýli og byggja þar íbúðarhús með bílskúr, skemmu og gestahúsi, auk lagningu aðkomuvegar og bílastæða.



Mynd 1. Kort sýnir staðsetningu deiliskráningarreitsins.

Jörðin Andrésfjós er komin í eyði og tilheyrir nú bænum Norðurgarði að mestu. Deiliskráningarreiturinn er í úthögum Andrésfjósa, um 750 m ASA m við gamla heimatún jarðarinnar. Reiturinn er við landamerki Andrésfjósa til vesturs og Brjánsstaða

til austurs. Ræktuð tún afmarka svæðið til norðurs og vesturs. Til suðurs afmarkar sumarhúsaloð svæðið og til austurs óræktað svæði. Aðkomuvegur mun liggja frá Ólafsvallavegi til norðurs að deiliskipulagsreitnum og var hann sömuleiðis tekinn út. Aðkomuvegurinn mun liggja að stórum hluta í eða við skjólbelti trjáa.



Mynd 2. Myndin sýnir gróðurfar innan deiliskráningarreitsins, horft er til suðurs.

Innan deiliskráningarreitsins er gróið mólendi með mikinn mosa í sverði.

Fornleifastofnun vann aðalskráningu fornleifa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi í þremur áföngum árin 2017, 2018-2019 og 2020-2022. Andrésfjós var ein þeirra jarða sem skráðar voru 2021¹ en skýrslan fyrir það ár er enn í vinnslu. Við aðalskráningu var rætt við heimildamenn varðandi fornleifar í Ólafsvallahverfi og ekki var talin þörf á að ræða við þá aftur. Við skráninguna var gengið skipulega yfir deiliskráningarreitinn, allir minjastaðir hnitsettir og sjáanlegar minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Ein fornleif var þekkt innan reitsins fyrir vettvangsathugun 2025 og engar fornleifar bættust við úttektina.

Gylfi Helgason, fornleifafræðingur, sá um skráningu, skýrslugerð og kortavinnu. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af Fornleifastofnun Íslands en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf.

Uppbygging skýrslunnar er með hefðbundnum hætti. Á eftir inngangskafla kemur yfirlit um löggjöf um minjavernd í landinu. Í þriðja kafla er farið yfir þær aðferðir sem notaðar voru við skráninguna. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er

¹ Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2017; Ragnheiður Gló Gylfadóttir 2021; Ragnheiður Gló Gylfadóttir í vinnslu.

um fornleifar innan úttektarsvæðisins. Í lokakafla skýrslunnar (fimmta kafla) er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar.

2 Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenzka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanfórnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns

mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri mínjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3 Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SÞ o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því.

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens

Númer fornleifar á tiltekinni jörð

Sérheiti

Tegund

Hlurverk


Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93

Sýslutákn

E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horft til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppmæling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt útihús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgráfin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hólfið eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfið norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1920

Heimild sem vísað er í, nánari fiersla í heimildaskrá

Hætta sem stöðjar að fornleif

Mynd 3. Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer

(dæmi: ÁR-256:001). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingánúmer aftan við (dæmi: ÁR-256:001_01).

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í landshnitakerfi (ISN93) og er merkið tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki. Uppmælingar voru gerðar á öllum sýnilegum minjastöðum með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki. Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: ÁR-662:012).

Þar sem getur um „heimild um...” t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki.

Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálft ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá langvarandi hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustigin eru eftirfarandi: 1) engin hættu, 2) hættu og 3) mikil hættu. Minjar á

eða við reitinn þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan skipulagsreits þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar, teljast yfirleitt tímabundið í mikilli hættu meðan framkvæmdir eru yfirvofandi eða standa yfir. Í fornleifaskrá (4. kafla) kemur bæði fram almenn og tímabundin hættu. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

4 Fornleifaskrá

ÁR-661 Fornleifar á fleiri en einni jörð; Skeiðahreppur

ÁR-661:015 Þjóðleiðin fram Skeiðin/ Merkurhraunsvegur gata leið A 422894 N 390018 „Merkurhraunsvegur, sem sýslunefndin nefndi svo, var önnur alfaraleiðin yfir Skeiðin – sameiginleg þjóðleið uppsveitamanna – Tungna, Hreppa og Skeiðamanna – til kaupstaðarins á Eyrum og síðar til Reykjavíkur, og fjölfarin leið reiðmanna milli byggða, fyrr á öldum. Engar sögur fara af því, hver markaði götuna í upphafi, en leiðin hefur greinilega verið vel valin. Hún er miðsvæðis, liggur lengst af um þurrlanda móa og heiðar og loks yfir Merkurhraun fremst. Þó voru á leiðinni þrjár torfærur, blaut mýrarsund í Húsatófta- og Brjánsstaðalandi og Merkurhraunið hefur verið illfært á kafla. [...] Elstu heimildir um vegbætur á Skeiðum eru þrjú bréf Ófeigs Vigfússonar hreppstóra í Fjalli. Í bréfi dagsettu 31. október 1851 [...] segir svo: „Frá Skeiðahrepp voru á næstliðnu voru ruddur sá partur af almenningsveginum á Merkurhrauni, er Skeiðahrepp tilheyrir ...“ Hið annað bréf Ófeigs er dagsett 26. október 1856, en þar segir: „Ruddur almenningsvegur á Húsatóftaholti og sá partur af almenningsvegi á Merkurhrauni, sem tilheyrir Skeiðasveit ...“ Loks segir svo í þriðja bréfi Ófeigs, dagsettu 31. október 1857: [...] Í Skeiðahreppi eru árið 1857 gjörðar þessar vegabætur: 1) Ruddur vegur í Merkurhrauni, það sem er í Skeiðahreppslandi, og 2) Gjört við Ölversbrúna, það sem Skeiðahrepp tilheyrir.[...] [...] En til Merkurhraunsvegar á Skeiðum, sem sýslunefnd nefndi svo – var ekki veitt fé fyrr en árið 1885. Voru það 30 krónur til ruðnings í Merkurhrauni [...]. Auðvitað var þjóðleiðin gamla – Merkurhraunsvegurinn sem síðar nefndist svo – aðeins troðningar eða götur [...]. Bændur fóru að koma sér upp hestvögnum upp úr aldamótunum 1900 [...] Rjómabúin, hin nýju fyrirtæki bændanna, risu upp hvert af öðru og kölluðu á betri flutningatæki og nýja vegi. [...] Sjálfsagt hafa Skeiðamenn tekið þátt í vegabótunum á Merkurhraunsvegi þótt um það séu ekki tiltækar heimildir, en rjómabú þeirra tók til starfa við Framneslæk vorið 1903, og þeir þurftu líka að koma smjörinu til Reykjavíkur. [...] Vagnabrautin frá Húsatóftum fór undir tún bændanna á Húsatóftum og á Hlemmiskeiði, nema vestast í Hlemmiskeiðslandi, þar sem hún kemur í ljós sunnan við Móhólana. Yfir Brjánsstaðaland er brautin óhreyfð með öllu, slétt, nokkuð djúp og stílhrein vagnabraut [...]. Heitir þar Sléttakortsheiði, þar sem brautin liggur um og er stórt mosapýfi. Brautin hverfur svo í tún bændanna í Ólafsvallahverfi en kemur aftur upp efst í Merkurhrauni, þar sem hún kemur aftur upp efst í Merkurhrauni, þar sem hún er bæði djúp og breið og hægt að rekja hana fram á Flóaveg, þar sem brautin hverfur í veginn. [...] Við skulum nú skoða Merkurhraunsveginna nánar og leggjum af stað af Húsatóftaholti. Suðvestur af holtinu, þar sem vélaskemma Búnaðarfélagsins stendur nú, var blautt mýrarsund og illfært. Þar var byggð „brú“ [ÁR-239:052] yfir sundið og komu til þess smá upphæðir frá sýslunni. [...] Í Hlemmiskeiðslandi lá brautin yfir stórþýfðan mó austur af bænum, sem nefndist Hæðir. Var brautin bæði slétt og þurr og hinn besti reiðvegur, að núlifandi menn segja. Síðan lá leiðin sunnan við bæina á Hlemmiskeiði, þá yfir Kerlingarima og sunnan við Móhólana fram í Brjánsstaðaland, en brautin er nú komin í tún bændanna þangað frá Húsatóftum, eins og áður segir. [...] Þar austast í landinu er Sunddælin, allbreitt mýrarsund og var illfær eða ófær í rigningartíð. Þar er „brúin yfir Brjánsstaðasund“ [ÁR-241:009] [...]. Brautin yfir Sléttakotsheiðina í Brjánsstaðalandi er enn

óhreyfð, slétt, breið og alldjúp – heillegasta og stílhreinasta vagnabrautin á Skeiðum og því merkilegar minjar frá vagnatímanum. Þar sem brautin kemur úr Brjánsstaðalandi tekur við tún Andrésfjósabóndans, hún hefur svo legið norðan Götudælanna vestan Ólafsvallavegar. Brautin er einnig horfin í hin víðáttumiklu tún og kornakra þarna á Ólafsvallaheiðinni, þeim mikla heiðarfláka. Góð vagnabraut hefur verið yfir heiðina og hún þurr og slétt. [...] Þegar fram í Merkurhraun er komið kemur þjóðleiðin forna aftur í ljós, breið vagnabraut og djúp vestast í Ólafsvallalandi. Þar í hrauninu blasir við af leiðinni fornu hinn sögufrægi Helghóll, stór hraunhóll en gróinn. [...] Nokkru sunnan Helghóls kemur Árhraungatan forna inn á Merkurhraunsveginn, sem liggur svo skammt norðan Áshildarhóls. Heitir þar Sprengir, vegurinn vestast í Ólafsvallalandi. Þar er brautin breið og slétt og sandur undir. Bendir nafnið til þess, að þar hafi menn látið spretta úr spori, þegar þeir komu úr karganum að sunna. Nú erum við kominn inn í Kílhraunsland og liggur brautin þar á stað meðfram Áshildarmýri að norðan. Þá tekur við úfið hraun og hefur verið ógreiðfært áður. Heitir þar Ruðningur, sem bendir til þess að hraunið hafi verið rutt. [...] Þarna er brautin niðurgrafin og liggur síðan inn á sumarhúsalóðir. Aftur kemur brautin í ljós og liggur síðan skammt sunnan Skollapúfu sem er lítill grjóthóll. Er hún í mörkum Skeiða- og Flóahreppanna og fimm jarða,” segir í Jarðabók Skeiðahrepps.

„Þjóðvegir eru 2, annar [015] frá Skálmholti, hinn [023] vestan frá Hvítá, er liggja upp úr sókninni, fyrst upp undir Ólafsvelli, hvar þeir koma saman, svo þaðan í landnorður fyrir sunnan Hlemmiskeið, hvar skammt frá hann [015] skiptist í 2ær götur. Liggur önnur [012] austur á Murneyrar hjá Þjorsá upp í Gnúpverjahrepp og yfir fyrirtéða á austur í Rangárvallasýslu. Nyrðri gatan [015] liggur frá Hlemmiskeiði fyrir sunnan Húsatóftir en vestan Reyki, hvar hún skiptist aftur í 3 greinir. Hinn vestasti [060] liggur til Skálholtssóknar, önnur [009] upp yfir Stóru-Laxá á Langholtsvaði til Hrunamannahrepps, en sú 3ja [033] til Hrepphólasóknar,” segir í Sýslu og sóknalýsingum.



Til vinstri: Kort sem sýnir Merkurhraunsveg ÁR-661:015 innan deiliskipulagsreits 2025. Til hægri: Merkurhraunsvegur ÁR-661:015, horft til suðvesturs.

Merkurhraunsvegur er merktur inn á herforingjaráðskort frá 1908. Leiðin var skráð í landi Húsatófta 2016. Lítill hluti leiðarinnar var tekin út í landi Andrésfjósar, nokkur norðar en Sléttakotsheiði, árið 2025 vegna deiliskipulags.

Í landi Andrésfjósar liggur leiðin um mosagróið mólendi, fast austan og sunnan við ræktuð tún.

Merkurhraunsvegur var athugaður í landi Andrésfjósar, við landamerki Brjánsstaða. Veginum var fylgt á um 155 m löngum kafla og liggur vegurinn norðaustur-suðvestur. Hann sést halda áfram til norðausturs, í landi Brjánsstaða, en hverfur við ræktað tún til suðausturs í landi Andrésfjósar. Merkurhraunsvegur sést sem allt að 3,5 m breið moldargata til norðausturs en gatan mjókkar mikið fyrir miðju og er nær 0,5 m breið gata til suðvesturs. Bakkar Merkurhraunsvegar eru þýfðir, 0,2-0,4 m á hæð. Engin ummerki um veginn sjást í landi í Húsatófta en brú 239:015 var notuð á þessari leið. Í landi Húsatófta var hún fast norðan við núverandi þjóðveg. Þar eru nú grasivaxin tún.

Almennt hættumat: Engin hætta.

Tímabundið hættumat: Mikil hætta, vegna framkvæmda.

Heimildir: JS, 551-555; SSÁ, 84; Hkort 47 Skálholt SV

5 Niðurstöður

Sumarið 2025 var unnin skráning fornleifa innan 2,8 ha deiliskráningarreits í landi Vorhúsa vegna hugmynda um byggingu íbúðarhúss ásamt skemmu og gestahúsi, auk lagningu aðkomuvegar og bílastæða. Reiturinn var áður hluti af úthögum Andrésfjósá. Dreifing minja er yfirleitt þéttust í og við heimatún og minjar eru færri í úthögum enda umsvifin þar önnur og minni, sérstaklega á jörðum sem upphaflega byggðust upp um sem hjáleigur, eins og Andrésfjós, og verða ekki að lögbýlum fyrr en á árnýöld. Það kemur því ekki á óvart að aðeins ein fornleif fannst innan deiliskráningarreitsins, Merkurhraunsvegur (ÁR-61:015). Vegurinn lá til kaupstaðarins á Eyrum og síðar til Reykjavíkur. Samkvæmt Jarðabók Skeiðahrepps var um sameiginlega þjóðleið uppsveitamanna, Tungna, Hreppa og Skeiðamanna að ræða.² Gatan er merkt inn á herforingjaráðskort frá 1908³ og sést víða á Skeiðunum, þar á meðal innan deiliskráningarreitsins en þar liggur Merkurhraunsvegur til norðausturs-suðvesturs og var leiðinni fylgt á um 155 m löngum kafla. Hann sást sem allt að 3,5 m breið moldargata til norðausturs en aðeins 0,5 breið gata til suðvesturs. Hann hverfur undir tún til suðvesturs en heldur áfram til norðausturs í landi Brjánsstaða en það svæði er utan áhrifasvæðis framkvæmda 2025. Einnig fannst ein ung grjóthrúga rétt utan deiliskráningarreitsins. Hún er ekki talin fornleif og ekki skráð sem slík (mynd 4).

² JS, bls. 551-555.

³ Hkort 47 Skálholt SV.



Mynd 4. Kortið sýnir ungu grjótvörðuna sem er ekki fornleif og ekki skráð sem slík.

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda var gert tímabundið hættumat. Merkurhraunsvegur er innan deiliskráningarreitsins; af þeim sökum er hann metinn í mikilli hættu. Tímabundið hættumat segir til um hvort hættu gæti steðjað að fornleifum ef ekki væri gripið til sérstakra ráðstafana. Rétt er að geta þess að hættan er hvorki talin óhjákvæmileg né ófyrstíganleg en hættumatinu var fyrst og fremst ætlað að vekja athygli á því að fyrirhugaðar framkvæmdir ógni umræddum minjastöðum. Samkvæmt kröfum Minjastofnunar Íslands skal einnig leggja mat á almenna hættu sem hver minjastaður er í (varanlegt hættumat) og birtist það í fornleifaskrá (kafla 4; sjá líka töflu 1). Sömuleiðis er mikilvægt að nefna að þótt minjar séu metnar í mikilli hættu þýðir það ekki að rask á þeim sé óhjákvæmilegt, aðeins að ef komi til frekari framkvæmda innan deiliskráningarreitsins þurfi að gæta að minjunum og leita álits Minjastofnunar á áhrifum

framkvæmda á minjar. Ef áður ókunnar fornminjar koma í ljós við framkvæmdir þarf að skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem auðið er. Það er Minjastofnunar Íslands að ákveða hvort, og þá með hvaða skilyrðum fornleifar mega víkja vegna framkvæmda.

Heimildir

JS: Jón Eiríksson 2008. *Jarðabók Skeiðahrepps*. [Án útgáfustaðar]: Ungmennafélag Skeiðahrepps.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstj.) 2017. *Aðalskráning fornleifa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi I: Húsatóftir og Skaftholt*. FS660-16241. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir (ritstj.) 2021. *Aðalskráning fornleifa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Áfangaskýrsla II: Þjórsárdalur og nærliggjandi jarðir*. FS831-18231. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. Í vinnslu. *Aðalskráning fornleifa í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Áfangaskýrsla III*.

SÁ: *Árnessýsla: Sýslu-og sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1843* 1979. Reykjavík: Sögufélag.

Óprentaðar heimildir:

Hkort 47 Skálholt SV: Dönsku herforingjaráðskortin 1905-1915 (1908). (Blað 47 SV Skálholt - Norðurárdalur). Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn. Sótt af: <http://islandskort.is>

Viðauki 1: Hnitaskrá ISN93

Minj_id	Samtala	Austur	Norður
3448_1	ÁR-661:015	422894	390018

Minjakort

© Loftmyndir ehf

Skýring

- Skráð fornleif
- Ung grjóthrúga
- Leið
- Afmörkun úttektarsvæðis



0 50 100 m

